

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ísafjarðarbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi Þingeyrar, miðbæjar- og hafnarsvæðis.

Breytingin felur í sér að halda Gramsverslun á sínum stað, þó með stækkuðum byggingarreit svo möguleiki sé á að færa húsið lítillaga til vesturs, frá Salthúsinu við Hafnarstræti 5, samhliða því að húsið verður gert upp. Núverandi lóðamörk Gramsverslunar eru auk þess stækkuð til vesturs og lóðamörk Vallargötu 3 minnkuð á mót. Á milli lóðanna kemur nýr göngustígur á bæjarlandi sem tengir skrudgarðinn við Vallarstræti. Vestast á stækkaðri lóð Gramsverslunar er gerður nýr byggingarreitur fyrir timburhús í gömlum stíl sem kallast á við Salthúsið.

Að öðru leyti gilda skilmálar og kvaðir deiliskipulagsins.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 24. júlí 2024.

Helga Þuríður Magnúsdóttir,
verkefnastjóri á umhverfis- og eignasviði.

B-deild – Útgáfudagur: 8. ágúst 2024